


FLOKKSISTUR




Kistur eru geymslur flokksins. Annað hvort má nota stóra kistu sem allar eignir flokksins eru geymdar í eða eina litla fyrir flokksbókina og flokksstimpilinn, verkfæri o.þ.h. og aðra stærri undir viðleguútbúnað og þ.h. Eitt eiga allar kistur sameiginlegt; þær eiga að vera fallegar, vel unnar og standa fyrir sínu varðandi notagildi.

FLOKKSISTA

Smákistu eða flokksskrín má búa til úr venjulegum borðum 6 tommu breiðum og 3/4 eða 1/2 tommu þykkum. Heflið þá hlið sem á að snúa inn. Ummál skrínisins er 25 x 35 cm. Tvær fjarir þarf í botn og lok og eina í hverja hlið, 12 fet nægja.




Reynið að fá hugmyndir á söfnum eða af öðrum gömlum kistum sem þið hafið séð. Handfangið má gera úr kaðli eða þ.h. Á innanvert lokið skrífið þið leðuræmur eins og lykkjur fyrir penna o.þ.h. Þverfjöl skiptir skríninu í tvo hluta. Skreytið það og klæðið það að innan.



MÓTSKISTA

Mótskistan er stærri en flokkskistan og þarf að rúma viðleguútbúnað flokksins o.fl. Í kistuna má nota sterkan kassa u.þ.b. 100 x 50 x 50 cm. Styrkið hornin innanverð með trélistum. Setjið fætur úr kubbum undir kistuna. Borið 2-3 göt á botninn og setjið flugnanet yfir þau að innanverðu svo að loft leiki um kistuna en smáhlutir detti þó ekki út. Á hliðarnar setjið þið sterk handföng úr tré eða þ.h. Best er að hafa tréhandföng sem þú getur fest reipi í sem er svo langt að hægt sé að binda með því lykkjur ofan á lokinu. Þá er hægt að smeygja í gegn stöngum og ferðast með kistuna á öxlunum eins og innfæddir í frumskógunum.

Skreytið kistuna að smekk. Vaxberið kistuna að utan. Málið hana að innan með ljósum þvottheldum lit svo að auðvelt sé að halda henni hreinni. Setjið aldrei óhreinað höld í kistuna.



TVEIR STAÐAR
FESTIR Í JÖRÐU TIL AÐ
LATA LOKIÐ HVÍLA'A
ÞÁ ER KOMIÐ
GOTT BOÐ !!

